

FÉLAGSFORINGI



SKÁTAFÉLAGIÐ

- ég ber ábyrgð á öllu starfi félagsins og fjármálum þess
- ég ber ábyrgð á að gildi skátahreyfingarinnar séu höfð að leiðarljósi í allri starfsemi félagsins
- ég stjórna fundum stjórnar og sé til þess að gerð sé fundaráætlun stjórnar
- ég undirbý starfsáætlun ásamt dagskrár- og sjálfbóðaliðaforingjunum og öðrum í stjórn, setja þarf inn viðburði á vegum (SSR), BÍS, WOSM og WAGGGS
- ég ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar og kynni foringjum mikilvægi þess að öll taki þátt
- ég ber ábyrgð á að ársskýrsla og reikningar séu tilbúin og að öll gögn séu aðgengileg öllum fyrir aðalfund félagsins
- ég þekki reglur félagsins og BÍS, ásamt viðbragðsáætlun og siðareglur Æskulýðsvettvangsins
- ég geri mitt besta til að leysa vandamál sem upp koma í félaginu og leita aðstoðar ef þarf
- ég leiði samstarf við önnur skátafélög í samvinnu við stjórn og foringja

SAMVINNA INNAN FÉLAGS

- ég er í forsvari fyrir félagið
- ég er í reglulegum og góðum samskiptum við dagskrár- og sjálfbóðaliðaforingjana
- ég sé til þess að sett séu markmið og langtímasýn fyrir félagið og gæti þess að þeim sé fylgt
- ég ber ábyrgð á að allir skátar í félaginu séu skráð í félagatalið

SAMSKIPTI

- ég sé til þess að öll fái þær upplýsingar sem hvert og eitt þarf (skátar í félaginu, foringjar, foreldrar, eldri skátar, bakland, BÍS, (SSR))
- ég sé til þess að félagið sé sýnilegt, að almenningur viti af því og fyrir hvað það stendur
- ég sé um samskipti við sveitarfélagið, skóla, hverfaráð og önnur félög
- ég sé um samskipti við fjölmiðla, passa að allt efni sé skýrt, hlutlaust og laði að nýja félaga

FJÁRHAGUR

- ég ber ábyrgð á fjárhag félagsins
- ég geri fjárhagsáætlun í samvinnu við gjaldkera og gæti þess að henni sé fylgt eftir
- ég ber ábyrgð á styrkumsóknum fyrir félagið
- ég ber ábyrgð á húsnæði og búnaði félagsins, rekstri og viðhaldi

EIGIÐ STARF

- ég endurmet starf mitt reglulega
- ég er í reglulegum samskiptum við félagsforingja hjá öðrum skátafélögum
- ég tek þátt í foringjaþjálfun eða námskeiðum sem gagnast í starfi
- ég leitast við að afla mér þekkingar um það sem er að gerast í skátastarfi innanlands og utan

ÞRENNUÞJÁLFI FYRIR FÉLAGSFORINGJA

- ég er í reglulegu sambandi við þrennuþjálfann
- ég fæ stuðning frá þrennuþjálfna og ræði málefni félagsins

